

GJALDSKRÁ

fyrir Vatnsveitu Álftaneshrepps í Borgarbyggð.

1. gr.

Vatnsgjald Vatnsveitu Álftaneshrepps er 0,3% af fasteignamati þeirra húsa sem tengd eru vatnsveitunni en þó að hámarki 33.200 kr. á hverja jörð eða sumarhús.

2. gr.

Til viðbótar vatnsgjaldi sem fram kemur í 1. gr. skal notandi greiða aukavatnsgjald sem nemur 34,50 kr./m³. Vatnsnotkun skal áætluð í samræmi við búfjárskýrslu og skal miða við eftirfarandi töflu:

Kind	5 l/dag
Geldneyti	26 l/dag
Kálfar	13 l/dag
Kýr	65 l/dag
Hross	17,5 l/dag
Svín	10 l/dag
Grísir	5 l/dag

Þegar mælir hefur verið settur upp hjá notendum skal aukavatnsgjaldið innheimt samkvæmt notkun.

3. gr.

Vatnsgjald skv. 1. gr. skal innheimt með fasteignagjöldum en aukavatnsgjald skal innheimta sérstaklega og er gjalddagi þess 1. maí og eindagi mánuði síðar.

4. gr.

Gjaldskrá þessi er samin með heimild í 10. gr. laga nr. 32/2004, um vatnsveitur sveitarfélaga, og 11. gr. reglugerðar um vatnsveitur sveitarfélaga, nr. 401/2005.

5. gr.

Gjaldskrá þessi var samþykkt af sveitarstjórn Borgarbyggðar 7. desember 2022 og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá sama efnis nr. 1717/2021.

Borgarnesi, 19. desember 2022.

Stefán Broddi Guðjónsson sveitarstjóri.

—————
B-deild – Útgáfudagur: 4. janúar 2023